

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnamóttakan Reykjavík



| | | | |
|----------------------------|-------------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits | 5.12.2012 | Fulltrúi UST | Valur Klemensson |
| Fyrirtæki | Efnamóttakan | Fulltrúi UST | Gunnlaug H. Einarsdóttir |
| Heimili | Gufunesvegi | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 6912982729 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jón H. Steingrímsson | ÍSAT nr. | 51.57.02 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Grétar Viðar Grétarsson | Staðsetning | 363053,302 408634,682 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var staðfest við eftirlit en merkingum á ílátum undir spilliefni var ábótavant.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir eftirlitsskýrslu frá síðasta ári og frávik rædd. Magn blýs var yfir mörkum í mælingu á frárennsli sem fram fór síðla árs 2010. Nýjsutu mælingar á frárennsli sýna að magn blýs er komið undir mörk. Hins vegar hefur mælt gildi olíu í frárennsli verið yfir mörkum sem eru 15 mg/L, í nokkrum síðustu mælingum, en í síðustu mælingu var gildið innan skekkjumarka. Gripið hefur verið til rástafana til að minnka uppsöfnun efna á svæði rekstraraðila.

Farið var yfir söfnun og skráningu á raf- og rafeindatækjum og skráningu á magni þeirra eftir flokkum. Einnig var meðhöndlun og förgun á kælimiðlum, sem og kæli- og þenslumiðlum frá kælitækjum. Meðhöndlun á olúsíum skoðuð.

Skoðaðar voru aðstæður á athafnasvæði rekstraraðila, m.a. gámar og kör undir spilliefni. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn úrgangsins. Eingöngu skal nota traustar umbúðir sem henta viðkomandi efnum. Einnig voru skemmur þar sem flokkun og umpökkun spilliefna fer fram, skoðaðar.

Skráningar skv. grein 3.1 í starfsleyfi hafa ekki borist eftirlitsaðila, nema skráningar um magn og tegundur úrgangs og ráðstöfun. Rekstraraðili hefur sent inn erindi til Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir leiðbeiningum um skil á gögnum.

Eftirlitsaðilar fóru fram á að gögn og mæliniðurstöður frá rekstraraðila séu send Umhverfisstofnun á netfangið ust@ust.is með afriti á eftirlitsmann.

Frávik frá

gr. 8.1 í reglugerð 806/1999 en þar segir:
8.1 Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn úrgangsins.

Lýsing á fráviki

Upplýsingar hættulega eiginleka spilliefna vantaði á merkimiða á ílátum undir spilliefni.

ATHUGASEMDIR

Gildi olíu í frárennsli hafa undanfarið mælst há og þó svo þau séu innan skekkjumarka miðað við losunarmörk í síðustu mælingu, bendir Umhverfisstofnun rekstraraðila á að skoða mögulegar leiðir til að ná þessu gildi niður.

ANNAÐ

Farið var yfir með rekstraraðila hvað gögnum skuli skila inn til Umhverfisstofnunar sbr. gr 3.1 í starfsleyfi.

Rekstraraðili hefur boðað til samrásfundar skv. ákvæði 3.3 í starfsleyfi. Að beiðni eftirlitsaðila hefur honum verið frestað fram í janúar 2013.

Reykjavík, 30.01.2013



Valur Klemensson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.